

Tilmæli 5/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1651/medborger
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1651/medborger: Nefndarálit um þingmannatillögu um aðgerðir gegn mansali

Aðgerðir gegn nýjum gerðum mansals

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 4. apríl 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggji að höfð verði hliðsjón af nýjum birtingarmyndum nauðungarvinnu og misneytingar á einstaklingum í baráttunni gegn mansali. Dæmi:

- kynferðisleg misneyting á einstaklingum gegnum beint streymi á netinu;
- bótasvindl þar sem þolendur eru sóttir til Norðurlanda í þeim tilgangi að misnota félagslegar bætur frá hinu opinbera, sem forsprakkarnir taka út;
- stofnun fyrirtækja (þar á meðal gervifyrirtækja) þar sem þolendur mansals eru þrælkaðir til vinnu við ómannúðlegar aðstæður;

að hún vinni viðhorfsáætlun, sem inniheldur siðferðislegar leiðbeiningar og átaksaðgerðir, í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn eftir einstaklingum, sem ganga kaupum og sölum, til ýmiss konar nauðungarvinnu;

að hún hefji rannsókn á efnahagskerfi mansals og þrælahalds á Norðurlöndum.

Kaupmannahöfn, 6. apríl 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs